

Aðalfundur 02.11.23 foreldrafélag Sunnulækjarskóla kl. 17:30

Núverandi/fráfarandi stjórnarmeðlimir:

Birna Eik Benediktsdóttir: Formaður og fulltrúi í forvarnarráði. birnaeik@gmail.com - **Hætt**

Valdimar Þór Svavarsson: Gjaldkeri. valdimar@fyrstaskrefid.is 8210808

Lilly Ásrún Birkisdóttir: Ritari og fulltrúi í skólaráði. lilly.birkis@outlook.com - **Hætt**

Unnur Guðmundsdóttir: Meðstjórnandi unnurgu@btnet.is

Kasia Ciechanowska: Meðstjórnandi katazynac@arborg.is – **Hætt**

Efni aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar kynnt
2. Ársreikningur lagður fram
3. Ný stjórn kosin

1. Skýrsla stjórnar

Á starfsárinu haust 2022 til vor 2023 voru stjórnarfundir foreldrafélagsins tveir. Önnur samskipti fóru fram á sameiginlegri FB síðu foreldrafélagsins.

Í lok október var gefið út fréttabréf á vegum foreldrafélagsins sem þýtt var á ensku og pólsku.

Foreldrafélagið afhenti börnum í 1. bekk endurskinsvesti merk nafni nemenda 21. október 2022.

Aðilar frá lögglunni mættu til að fræða börnin um öryggi í umferðinni.

Ýtt hefur verið eftir þátttöku foreldra í því að vera bekkjartenglar en þátttaka frekar dræm. Fundur var haldinn 3. nóvember og aftur 29. nóvember með þeim bekkjartenglum sem buðu sig fram.

Foreldrafélagið styrkir hvern bekk um 10.000.- krónur í þeim tilvikum sem haldnir eru bekkjarhittingar. Nokkrir bekkir sóttu um styrki á starfsárinu.

23. Febrúar stóð foreldrafélagið að fyrirlestrinum *Tækniframfarir, áreiti og aukin lífsgæði barna og unglinga* sem Þorgrímur Þránínsson flutti. Efni fyrirlestrarins eru meðal annars þættir sem vitað er að auka sköpunarkraftinn, bæta andlega og sálræna líðan og hjálpa okkur að takast á við krefjandi líf samtímans. Einnig er fjallað um er mikilvægi ýmissa grunnþarfa og góðra gilda og áhrif snjalltækja á líf okkar og líðan. Boðið var upp á súpu og brauð á vegum skólans.

Skólaráð hefur verið kallað saman einu sinni þetta skólaár og það var 17. apríl og mætti formaður stjórnar á þann fund. Farið var yfir ýmislegt, meðal annars framvinduskýrslu úrbótaáætlunar Sunnulækjarskóla og rætt um áætlun um að skólinn yrði símalaus skóli.

2. Gjaldkeri leggur fram ársreikning haust 2022 – vor 2023

3. Kosið í stjórn

Laus embætti í stjórn:

Starf formanns:

- Deila út verkefnum, verkefnastjóri.
- Boða fundi.
- Vera í samskiptum við skólastjórnendur.
- Sitja í skólaráði eða tilnefna einhvern í það.
- Sitja fundi forvarnarráðs eða tilnefna einhvern í það.
- Útbúa ársskýrslu fyrir aðalfund.

Starf ritara:

- Rita fundargerðir.
- Útbúa fréttabréf.
- Útbúa fundarboð fyrir aðalfund, það þarf að senda út 2 vikum fyrir fund, bæði á facebook og fá ritara til að senda á foreldra.

Varaformaður/Meðstjórnandi:

Staðgengill formanns og almenn þátttaka í starfsemi foreldrafélagsins

Önnur embætti

Starf gjaldkera:

- Senda út félagsgjöld.
- Gera upp tenglastyrki sem og aðrar greiðslur sem þarf að greiða.
- Útbúa ársuppgjör fyrir aðalfund.

Meðstjórnandi

Almenn þátttaka í starfsemi foreldrafélagsins

Eftirfarandi aðilar buðu sig fram til stjórnar og hlutu kosningu:

Formaður - Héðinn Þór Gunnarsson hedinnthor@gmail.com 8645959

Ritari – Dagný Hróbjartsdóttir dagnyhrobjartsdottir@gmail.com 8494688

Meðstjórnandi/varaformaður – Jónas Elí Bjarnason jonas.bjarnason@gmail.com 6552591

Meðstjórnandi – Arnar Páll Gíslason arnarpall@gmail.com

Meðstjórnandi – Hákon Garðar Þorvaldsson hakon.thorvalds@gmail.com 8486226

Áfram í stjórn eru:

Gjaldkeri - Valdimar Þór Svavarsson valdimar@fyrstaskrefid.is 8210808

Meðstjórnandi - Unnur Guðmundsdóttir unnurgu@bnet.is

4. Önnur mál

Skólastjóri kom á framfæri mögulegum verkefnum sem foreldrafélagið gæti stutt við:

- Stykja „fyrirliðaverkefni 10. bekkjar“ sem felur í sér að unglingar í 10. Bekk fara út í frímínútum og taka á móti yngstu börnunum og fylgjast með þeim í frímínútum. Styrkur kæmi þá sem stuðningur við útskriftarferð/athöfn 10. bekkjar.
- Styrkja skólann með kaup á borðspilum. Gæti verið í formi innkaupakorts.
- Styðja við kaup á öðru borðtennisborði

Dagný ætlar að tala við fyrrum ritara foreldrafélagsins til þess að athuga með aðgang að FB síðu félagsins.

Umræða um hvað hægt væri að gera til að virkja foreldra til meiri þátttöku, t.d. einhverskonar viðburðar jafnvel íþróttatengdan.

Samþykkt að gjaldkeri ljúki ritun fundar og sendi boð á nýja stjórnarmeðlimi inn á FB síðu stjórnar.

Fundi slitið kl. 18:35

